

## STARFSREGLUR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR

### 1. Hlutverk og tilgangur endurskoðunarnefndar

- 1.1. Endurskoðunarnefnd Kaldalóns hf. (hér eftir „félagið“) er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins, m.a. með því að hafa eftirlit með og tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði við endurskoðun þess.
- 1.2. Nefndin, sem skal starfa í samræmi við íslensk lög og reglur og góða stjórnarhætti, hefur sett sér þessar starfsreglur sem stjórn félagsins samþykkir með undirskrift sinni.

### 2. Skipun endurskoðunarnefndar

- 2.1. Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar félagsins. Stjórn félagsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og svarar nefndin beint til stjórnar.
- 2.2. Stjórn skal skipa meðlimi nefndarinnar eigi síðar en einum mánuði eftir aðalfund félagsins. Nefndin skal samanstanda af þremur meðlimum.
- 2.3. Endurskoðunarnefnd er skipuð til eins árs í senn og eru laun nefndarmanna, sem sitja í endurskoðunarnefnd ákvörðuð á aðalfundi félagsins.

### 3. Nefndarmenn

- 3.1. Nefndarmenn skulu til samans búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu til að sinna verkefnum nefndarinnar. Að minnsta kosti einn meðlima endurskoðunarnefndar skal vera fjármálasérfræðingur, sérfróður á sviði reikningshalds eða annars sambærilegs.
- 3.2. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins, og meirihluti þeirra skal jafnframt vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum í félaginu. Framkvæmdarstjóri félagsins og aðrir daglegir stjórnendur þess skulu ekki eiga sæti í nefndinni.
- 3.3. Nefndarmenn skulu hvorki tjá sig né heimila tilkynningar eða veitingu upplýsinga um viðskipti félagsins eða önnur málefni sem þeir hafa fengið vitneskju um vegna setu í nefndinni.
- 3.4. Stjórnin skal skipa formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar er jafnframt málsvari nefndarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd s.s. gagnvart stjórn, endurskoðendum og forstjóra varðandi viðfangsefni nefndarinnar nema að endurskoðunarnefndin ákveði annað.
- 3.5. Í fjarveru formanns nefndarinnar og/eða skipaðs staðgengils hans, skulu þeir nefndarmenn sem sitja fund kjósa einn úr sínum hópi til að stýra fundinum.
- 3.6. Formaður endurskoðunarnefndar skipar ritara nefndarinnar.
- 3.7. Nýir nefndarmenn skulu fá fullnægjandi leiðsögn og upplýsingar um starfsemi og starfsreglur nefndarinnar.

#### 4. Fundir endurskoðunarnefndar

- 4.1. Nefndin skal funda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári, á viðeigandi tímum í skýrslugjafar og endurskoðunarferlinu, og að öðru leyti þegar nauðsyn ber til.
- 4.2. Ritari nefndarinnar skal boða nefndarfundi að ósk einhvers meðlima hennar eða innri eða ytri endurskoðanda.
- 4.3. Tilkygning um hvern fund, þar sem fram kemur staðsetning, tímasetning og dagsetning fundar ásamt dagskrá fundarins, skal að jafnaði send öllum nefndarmönnum og öðrum sem sækja skulu fundinn eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir fund. Gögn vegna fundarins skulu send nefndarmönnum og öðrum fundargestum með tilkygningu ef mögulegt er, en annars eins fljótt og hægt er.
- 4.4. Aðeins nefndarmenn hafa að jafnaði rétt til að sækja nefndarfundi. Þó er heimilt að bjóða öðrum aðilum, svo sem stjórnarformanni, framkvæmdarstjóra, fjármálastjóra eða öðrum stjórnendum og fulltrúum fjármálasviðs að vera viðstaddir fund, að hluta eða í heild, þegar við á.
- 4.5. Ytri endurskoðendum skal reglulega boðið að sækja fundi nefndarinnar.
- 4.6. Nefndin skal árlega bóka sameiginlegan fund stjórnarinnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, þar sem daglegir stjórnendur félagsins eru ekki viðstaddir.

#### 5. Fundargerðir

- 5.1. Ritari endurskoðunarnefndar skal halda fundargerð þar sem skráð er hvað fram fer á fundi, ályktanir fundarins og nöfn þeirra sem eru viðstaddir fund. Fundargerð skal vera skrifleg og samþykkt af nefndarmönnum.
- 5.2. Ritari skal í upphafi hvers fundar staðreyna tilvist hagsmunaárekstra og skrá upplýsingar um þá í fundargerð.
- 5.3. Fundargerð hvers fundar skal án tafar dreift til allra nefndarmanna, og, þegar fundargerðin hefur verið samþykkt af hálfu nefndarmanna, til stjórnar og forstjóra, nema hagsmunaárekstur sé fyrir hendi.

#### 6. Ályktunarhæfni

- 6.1. Fundir nefndarinnar eru ályktunarhæfir ef meirihluti nefndarmanna sækja fund. Réttilega boðaður fundur þar sem ályktunarbær meirihluti er viðstaddur er hæfur til að fara með allar valdheimildir og ákvörðunarvald nefndarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls og hefur hver nefndarmaður eitt atkvæði. Mikilvægar ákvarðanir skal þó ekki taka nema allir nefndarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið.

#### 7. Verkefni og skyldur

- 7.1. Nefndin skal sinna neðangreindum skyldum fyrir félagið. Stjórnin ber ábyrgð á skipun og starfsemi endurskoðunarnefndar og nefndin starfar í umboði stjórnar. Skyldur og ábyrgð stjórnar eru ekki takmarkaðar vegna endurskoðunarnefndar.

##### 7.2. *Eftirlit með vinnuferli reikningsskila*

Endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með vinnuferli við reikningsskil og fara yfir helstu álitafni reikningsskila með stjórnendum áður en stjórn samþykkir árs- og árshlutareikninga.

##### 7.3. *Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og annarra fjárhagsupplýsinga*

Nefndin skal fara yfir fjárhagslega skýrslugerð til eftirlitsaðila, þ.m.t. (i) ársreikning félagsins og (ii) óendurskoðaða árshlutareikninga sem félagið hefur útbúið.

Nefndin skal fara yfir, og gera athugasemdir þegar ástæða er til, samræmi í reikningsskilaaðferðum, hvort félagið hafi fylgt viðeigandi bókhaldsstöðlum og gert viðeigandi áætlanir og skoðanir, skýrleika upplýsingargjafar í fjárhagsskýrslum félagsins og samhengi þar sem fullyrðingar eru settar fram, og efnislegar upplýsingar sem settar eru fram í uppgjöri, svo sem skýrslu stjórnar (að því leyti sem þær tengjast endurskoðun og áhættustýringu).

#### 7.4. **Innri endurskoðun og áhættustýring**

Endurskoðunarnefnd rýnir áhættuviðmið, skipulag og virkni áhættustýringar félagsins og gerir tillögur til stjórnar um breytingar eftir því sem tilefni er til.

Endurskoðunarnefnd kannar hvort mikilvægustu áhættur félagsins séu greindar og að þeim sé stýrt á viðunandi hátt. Nefndin fylgir eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti og áhættustýringu.

#### 7.5. **Ytri endurskoðun**

Endurskoðunarnefnd gerir tillögu til stjórnar um val ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis. Ef endurskoðandi segir af sér skal nefndin rannsaka þau vandamál sem til þess leiddu og taka ákvörðun um hvort aðgerða sé þörf.

Endurskoðunarnefnd skal árlega meta sjálfstæði og hlutleysi endurskoðanda, með hliðsjón af faglegum og lagalegum kröfum og hafa eftirlit með því að endurskoðandinn fylgi viðeigandi siðareglum og faglegum stöðlum varðandi regluleg skipti á endurskoðendum. Þá skal nefndin meta árlega hæfni, sérfræðipækkingu og aðföng endurskoðanda og skilvirkni endurskoðunarferlis.

Nefndin skal fara yfir og samþykkja árlega endurskoðunaráætlun og tryggja að hún sé í samræmi við umfang endurskoðunar.

Þá skal nefndin fara yfir niðurstöður og árangur endurskoðunar ásamt ytri endurskoðanda. Í því felst m.a. að fara yfir öll staðfestingarbréf sem ytri endurskoðandi hefur óskað eftir áður en þau eru undirrituð af stjórnendum, að fara yfir stjórnunarbréf og svör stjórnenda við niðurstöðum og tillögum endurskoðanda, umræða um öll helstu vandamál sem upp komu við endurskoðun, ályktanir vegna úttektar og bókhalds og greining skekkju við endurskoðun.

#### 7.6. **Önnur verkefni**

Endurskoðunarnefnd skal hafa yfirumsjón með rannsókn á starfsemi sem fellur innan gildissviðs starfsreglna nefndarinnar og til þrautavara sinna hlutverki úrskurðaraðila innan félagsins. Stjórn félagsins getur sent nefndinni hvert það mál til nánari skoðunar eða eftirfylgni sem varðar málefni sem eiga undir starfssvið nefndarinnar.

Endurskoðunarnefnd skal í það minnsta árlega, endurmeta eigin frammistöðu, skipulag og starfsreglur til að tryggja hámarksskilvirkni og leggja til við stjórn til samþykktar breytingar sem nefndin telur nauðsynlegar.

### 8. **Heimildir og aðgangi að gögnum**

8.1. Endurskoðunarnefnd hefur heimild til nauðsynlegrar upplýsingaöflunar innan félagsins til þess að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglum þessum. Þá skal nefndin hafa aðgang að fullnægjandi aðföngum til að geta sinnt skyldum sínum, þ.á.m. aðgangi að skrifstofu félagsins til aðstoðar eftir þörfum.

8.2. Endurskoðunarnefnd hefur óheftan aðgang að stjórn, stjórnendum og starfsmönnum félagsins og að innri og ytri endurskoðendum í því skyni að fá upplýsingar um verklag og verkferla eða aðrar upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegar vegna starfa sinna.

Nefndinni skal heimilt að kalla sérhvern starfsmann félagsins á fund nefndarinnar til að svara spurningum, ef þörf krefur.

- 8.3. Endurskoðunarnefnd hefur heimild til að leita sér utanaðkomandi ráðgjafar lögfræðinga eða annarra sérfræðinga á starfssviði nefndarinnar á kostnað félagsins.

## **9. Samskipti við stjórn**

- 9.1. Formaður nefndarinnar skal, að minnsta kosti árlega, gera stjórn félagsins formlega grein fyrir starfsemi nefndarinnar.
- 9.2. Nefndin skal leggja fram tillögur til stjórnar þegar við á, um sérhvert málefni sem fellur innan starfssviðs hennar þar sem aðgerða eða úrbóta er þörf.

## **10. Aðalfundur**

- 10.1. Formaður nefndarinnar skal sækja aðalfund félagsins og vera viðbúinn að svara spurningum hluthafa um starfsemi nefndarinnar.

## **11. Samskipti við innri og ytri endurskoðendur**

- 11.1. Endurskoðandi eða endurskoðunarfélag skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og sjálfstæði og skila skriflegri skýrslu mikilvæg mál sem fram hafa komið við endurskoðunina. Skýrslan skal fjalla sérstaklega um alla veikleika í innri endurskoðun við gerð uppgjors.

## **12. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 12.1. Nefndarmenn og aðrir sem koma á fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar í störfum sínum fyrir félagið og skulu ekki veita upplýsingar um störf nefndarinnar, eða málefni félagsins, nema í samræmi við skýr ákvæði starfsreglna þessara, samþykktá félagsins eða sé þeim það skylt lögum samkvæmt. Trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

## **13. Birting reglna**

- 13.1. Reglur þessar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

**Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins þann 23. febrúar 2023**